

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 7. mars.)

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Yfirlýsingum um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt. Siglingastofnun er heimilt að veita skipverja tímabundinn frest í eitt sinn til þess tíma sem hann er skráður á öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða öðrum viðurkenndum aðila. Greiða skal gjald fyrir veittan frest og skulu þau gjöld standa undir raunkostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu hans. Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Ef skilyrðum 1. mgr. er fullnægt ritar lögskráningarstjóri vottorð sitt á gögnin. Ef eitthvert gagna skv. 1.–4. og 6.–7. tölul. 1. mgr. vantar skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt. Siglingastofnun hefur eftirlit með framkvæmd þessa ákvæðis.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.